

Bjarni Reykjalin,
Skipulags- og byggingarsfulltrúi
Kjarni
650 Laugar



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 2. júlí 2013
Tilvísun: UST20130500084/ksj

Skipulagslýsing vegna tillögu að deiliskipulagi Reykjahlíðar í Skútustaðahreppi.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarsfulltrúa Skútustaðahrepps er barst 15. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna tillögu að deiliskipulagi Reykjahlíðar í Skútustaðahreppi.

Staðsetning

Skipulagssvæðið nær yfir gamla bæjarstæðið í Reykjahlíð. Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir ofangreint svæði. Á svæðinu hefur landbúnaðarstarfsemi verið aflögð. Á deiliskipulagssvæðinu er kirkja, grafreitur, hótel og veitingastarfsemi og íbúðabyggð. Skipulagssvæðið er innan vatnsverndarsvæðis Mývatns og Laxár.

Áhersluatriði skipulags- og umhverfisnefndar

Í greinargerð lýsingar kemur fram listi yfir atriði sem skipulags – og umhverfisnefnd sveitarfélagsins leggur áherslu á í aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 – 2023 varðandi byggingarlist og mannvirkjagerð. Þar kemur fram í lið 4 að þar sem mannvirki kunni að verða heimiluð á eldhrauni skuli þess gætt að rask verði sem minnst, mannvirki verði aðlöguð sem best að landslagi og hugað að afturkræfni framkvæmda. Umhverfisstofnun bendir á að nútímahraun fellur undir lið a. í 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999, eldvörp, gervigígar og eldhraun og njóta slíkar jarðmyndanir sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Að mati Umhverfisstofnunar er hraun innan ofangreinds skipulagssvæðis heillegt og mikilvægt að á skipulagssvæðinu verði framkvæmdasvæði valin utan hraunsins.

Fráveita

Í umfjöllun um umhverfisáhrif kemur fram að frárennslismál verði sérstaklega skoðuð. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að í deiliskipulagi verði tímasett markmið um ítarlegri hreinsun frárennslis en tveggja þrepa og að sérstaklega komi fram hve mikilvægt er að hreinsa þau efni er hafa neikvæð áhrif á Mývatn, s.s köfnunarefni.

Gróður

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að í deiliskipulagsskilmálum verði komið inn á mikilvægi þess að íslenskur trjágróður verði valinn til gróðursetninga innan svæðisins s.s. birki, reynir og víðitegundir.

Virðingarfyllst

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun